

Sjálfsmatsskýrsla  
Menntaskólans í Reykjavík  
2010 - 2011

Gæðastjóri

Ástríður Ebba Arnórsdóttir

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir .....	1
2.	Sjálfsmat .....	2
2.1	Síðstliðin ár .....	2
2.2	Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2010 - 2011 .....	3
2.2.1	Samantekt jólaprófa .....	3
2.2.2	Viðhorfskönnun forráðamanna .....	3
2.2.3	Kennslukönnun .....	4
2.2.4	Starfendarannsóknir .....	6
2.3	Annað .....	8
3.	Lokaorð .....	8

# 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum hætti. Þar er bæði átt við stjórnun, kennslu og aðra þjónustu innan skólans sem og ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Farið skal yfir alla þætti skólastarfsins á ákveðnu árabili og gerð umbótaáætlun sem komið verði í framkvæmd.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða utan að loknu stúdentsprófi.

## 1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviðinu býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stöðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,90%	118	14,20%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	41	4,60%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%

Í upphafi skólaárs 2010-11 voru innritaðir nemendur 876, þar af voru 169 eða 19% á málabraut og 707 eða 81% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 57% nemenda stúlkur og 43% piltar. Í vor voru 187 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2010-11 voru starfsmenn skólans 94, þar af 78 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mötuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur og 2 með sérverkefni (umsjón heimasíðu og ritstjórn skólaskýrslu). Kynjaskipting var nokkuð jöfn í kennarahópnum, 51 kona og 43 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf, 37 með meistarapróf, 27 með viðbótarnám eftir B gráðu, 5 með B gráðu háskólastigs og 3 leiðbeinendur hafa ekki lokið B gráðu háskólastigs. Nokkrir eru án kennsluréttinda eða alls 9. 6 voru leiðbeinendur með 6 vikustundir og 3 voru stundakennarar er flestir kenndu valgreinar.

## 2. Sjálfsmat

### 2.1 Síðstliðin ár


Sjálfsmat MR hefur verið í nokkuð föstum skorðum þar sem ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og kennslukönnun sem tekur

ekki aðeins fyrir kennslu, kennsluhætti og námsefni heldur einnig aðra þætti úr starfi skólans og er sá hluti könnunarinnar breytilegur á milli ára. Fyrir utan þessa föstu þætti var gerð rafræn viðhorfskönnun forráðamanna nemenda við skólann auk starfendakannana í dönsku og þýsku.

## 2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2010 - 2011

### 2.2.1 Samantekt jólaþrófa

Niðurstöður jólaþrófa voru teknar saman og kynntar á kennarafundi í lok haustanna.



Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaþrófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd a.m.k. einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaþrófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá eru þeir sem ekki hefur gengið sem skyldi sérstaklega teknir fyrir og reynt að beina þeim á rétta braut.

### 2.2.2 Viðhorfskönnun forráðamanna

Í febrúar 2011 var hrundið í framkvæmd rafrænni viðhorfskönnun sem send var til allra forráðamanna nýnema skólans veturinn 2010-2011. Könnunin var gerð í gegnum Questionpro.com og til þess að fá sem mesta svörun var ákveðið að hafa spurningar ekki fleiri en tíu talsins. Könnunin var opin í einn mánuð og þegar henni var lokað kom í ljós að svörun forráðamanna nýnema skólans var 98,03%.

Forráðamenn svöruðu tíu spurningum/staðhæfingum sem lagðar voru fyrir þá og voru niðurstöður svohljóðandi:

- Námið í Menntaskólanum í Reykjavík hefur verið í samræmi við væntingar mínar.  
**Niðurstaða:** 94% voru mjög sammála eða sammála.
- Viðhorf mitt til Menntaskólans í Reykjavík hefur breyst eftir að nemandinn hóf nám við skólann.  
**Niðurstaða:** 69% svöruðu neitandi. Af þeim sem svöruðu að viðhorf þeirra til MR hefði breyst, svöruðu 21% að breytingin væri til hins betra.
- Mér finnst vinnuálag í skólanum vera:  
**Niðurstaða:** 64% töldu vinnuálagið vera hæfilegt en 34% töldu það vera of mikið.
- Nemandanum líður vel í Menntaskólanum í Reykjavík.  
**Niðurstaða:** 93% voru mjög sammála eða sammála.
- Samskipti nemandans og umsjónarkennara hafa verið góð.  
**Niðurstaða:** 83% voru mjög sammála eða sammála.
- Mér finnst félagslíf í skólanum taka of mikinn tíma frá námi nemandans.  
**Niðurstaða:** 81% voru mjög ósammála eða ósammála.
- Mig grunar að áfengisneysla í félagslífi nemenda Menntaskólans í Reykjavík sé:  
**Niðurstaða:** 55% töldu hana of mikla, mikla eða frekar mikla, 21% töldu hana frekar litla eða litla og 24% töldu sig ekki vita svarið.
- Mér finnst forvarnamálum vel sinnt í skólanum.  
**Niðurstaða:** 60% voru mjög sammála eða sammála. 12% voru mjög ósammála eða ósammála og 28% töldu sig ekki vita svarið.
- Ég les bréf sem skólinn sendir forráðamönnum nemenda fyrir dansleiki og aðrar uppákomur sem skólinn stendur fyrir.  
**Niðurstaða:** 89% svöruðu með alltaf og 8% svöruðu með oft.
- Leyfir þú eftirlitslaus „party“?  
**Niðurstaða:** 93% svöruðu með aldrei og 5% með sjaldan.

### 2.2.3 Kennslukönnun

Kennslukönnun er gerð á meðal allra nemenda að vori í lok hvers skólaárs. Könnunin var gerð rafrænt og í fyrsta sinn var námskerfi skólans „MySchool“ nýtt til verksins og þurfti ekki að gefa nemendum frí úr kennslustundum til þess að svara könnuninni.

Niðurstöður kennslukönnunar voru svohljóðandi:

Samantekt um kennara	Mjög góður	Frekar góður	Í meðallagi	Frekar slæmur	Mjög slæmur	Fjöldi
Hvernig er undirbúningur kennarans fyrir kennslustundir?	2915	1364	669	150	64	5162
	Mjög vel	Frekar vel	Í meðallagi	Frekar illa	Mjög illa	
Hversu vel útskýrir kennarinn námsefnið?	2441	1414	788	344	169	5156
Hvernig bregst kennarinn við spurningum um námsefnið?	2935	1192	669	234	120	5150

	<b>Mjög ánægður</b>	<b>Frekar ánægður</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar óánægður</b>	<b>Mjög óánægður</b>	
Ertu ánægð(ur) með samskiptin við kennarann?	2535	1269	836	308	206	5154
	<b>Mjög vel</b>	<b>Frekar vel</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar illa</b>	<b>Mjög illa</b>	
Tekst kennaranum að virkja nemendur í kennslustundum?	1650	1478	1188	557	276	5149
Tekst kennaranum að halda uppi góðum aga í bekknum?	1836	1617	1127	436	132	5148
	<b>Mjög oft</b>	<b>Frekar oft</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar sjaldan</b>	<b>Mjög sjaldan</b>	
Skráir kennarinn skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu?	2160	969	962	258	619	4968
Birtir kennarinn einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu?	1197	684	1207	518	1333	4939
	<b>Alltof mikið</b>	<b>Of mikið</b>	<b>Hæfilegt</b>	<b>Ekki nógu mikið</b>	<b>Alltof lítið</b>	
Mér finnst vinnuálagið í námsgreininni vera:	192	689	3866	270	100	5117
	<b>Mikil</b>	<b>Hæfileg</b>	<b>Of lítil</b>	<b>Alltof lítil</b>	<b>Engin</b>	
Tengsl heimavinnu við námsefnið eru:	1445	2919	299	76	309	5048
Samtals	19306	13595	11611	3151	3328	50991

<b>Kennara-einkunn</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>Fjöldi</b>
Gefðu kennaranum einkunn á bilinu 1-10	1136	1163	1110	730	416	257	121	85	86	72	5176

<b>Samantekt um nemendur</b>	<b>Mjög vel</b>	<b>Frekar vel</b>	<b>Í meðallagi</b>	<b>Frekar illa</b>	<b>Mjög illa</b>	<b>Fjöldi</b>
Gengur þér vel að nota Námsnetið	2097	1252	1206	274	172	5001
<b>Samtals</b>	<b>2097</b>	<b>1252</b>	<b>1206</b>	<b>274</b>	<b>172</b>	<b>5001</b>

Við nánari samantekt á framangreindri kennslukönnun kemur eftirfarandi í ljós:

1. 83% telja undirbúning kennarans fyrir kennslustundir mjög góðan eða frekar góðan.
2. 75% telja að kennarinn útskýri námsefnið mjög vel eða frekar vel.
3. 80% telja að kennarinn bregðist mjög vel eða frekar vel við spurningum um námsefnið.
4. 74% eru mjög ánægð eða frekar ánægð með samskiptin við kennarann.
5. 61% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að virkja nemendur í kennslustundum en 23% telja að það takist í meðallagi.
6. 67% telja að kennaranum takist mjög vel eða frekar vel að halda uppi góðum aga í bekknum en 22% telja að það takist í meðallagi.
7. 63% telja að kennarinn skrái mjög oft eða frekar oft skyndipróf og stærri verkefni á Korkinn á Námsnetinu en 19% telja að það takist í meðallagi.
8. 38% telja að kennarinn birti mjög oft eða frekar oft einkunnir fyrir skyndipróf og stærri verkefni á Námsnetinu, 24% telja að það takist í meðallagi en 37% svara frekar sjaldan eða mjög sjaldan.
9. 17% telja að vinnuálag í viðkomandi grein sé alltof mikið eða of mikið en 76% telja vinnuálagið hæfilegt.
10. 86% telja að tengsl heimavinnu við námsefnið séu mikil eða hæfileg.

Í samantekt um nemendur var ein spurning um Námsnetið. Hún er tekin út fyrir spurningar um kennarakönnun þar sem hún beinist að nemendum sjálfum. Þar svöruðu 67% að þeim gengi mjög vel eða frekar vel að nota Námsnetið en 24% svöruðu í meðallagi.

## 2.2.4 Starfendarannsóknir

Haldið var áfram með starfendarannsóknir sem hófust á síðastliðnu ári. Markmiðið er að gera kennslu, heimavinnu og skyndipróf hnitmiðaðri og markvissari þannig að sem flestir nemenda sjái hámarks árangur af starfi sínu í lok vetrar. Að þessu sinni voru það kennarar í 2. og 3. tungumáli sem lögðu spurningar fyrir nemendur sína og var könnunin lögð fram í kennslustundum í dönsku og þýsku.

Stuðst var einkum við meginlegar rannsóknaraðferðir. Könnunin var nafnlaus og byggðist einkum á fjölvalsspurningum en þó með rökstuðningi nemenda þar sem það átti við.

Könnun þessi var þríþætt. Í fyrsta lagi var kannað hversu faglega væri staðið að heimanámi nemenda, hvort þau ynnu verkefnin sjálf og hvort verkefnin hæfðu þeirra getu. Hins vegar vildu kennarar fá úr því skorið hversu stór hluti nemenda læsi raunverulega kjörbækur á leslista. Talið er að á undanförunum árum hafi aukist að nemendur safni í glósubanka á netinu, meðal annars útdráttum úr mismunandi erlendum kjörbókum, í því augnamiði að sleppa við lestur kjörbóka en lesi þess í stað glósubúta héðan og þaðan á netinu. Loks var kannað hversu mörg skyndipróf nemendur telja hæfileg á misseri í viðkomandi kennslugrein.

Í dönsku var könnun lögð fyrir einn átján manna bekk, 4. bekk náttúrufræðibrautar, í janúar 2011. Könnunin tók 40 mínútur, allir tóku þátt og virtust nemendur svara spurningum af alúð. Bekkurinn var valinn af handahófi en þar er að finna ólíka einstaklinga með mismunandi áhugamál.



Tilgangurinn er (a) að fá upplýsingar um hvort heimavinna sé hæfileg miðað við getu nemenda og að teknu tilliti til annarra námsgreina að kanna að hvaða marki nemendur vinni heimavinnuna sína, (b) að gera rannsaka hvort nemendur lesi kjörbækur samkvæmt leslista og (c) að kanna hversu mörg skyndipróf nemendur telja hæfileg á misseri.

Að samanteknum svörum nemendanna er niðurstaðan sú að 90% nemendanna finnst námsefnið í dönsku hæfilegt að magni, þyngd og í góðum tengslum við námsefnið. Þegar spurt er hversu lengi nemendur stundi heimavinnu vikulega kemur fram að um 35% nemenda vinna vikulega heimavinnu í 2-5 klst. en 65% vinna vikulega heimavinnu í 2 klst. eða minna.

Enn fremur svara 90% nemenda að þau lesi kjörbækurnar sem fyrir eru lagðar en bæta sum við að þau lesi að auki útdrátt af netinu til frekari skýringar.

Spurt er hvort nemendur telji skyndipróf hæfilega mörg í faginu, þ.e. þrjú á misseri. 40% eru sátt við núverandi fyrirkomulag, 50% vilja fækka skyndiprófum úr þremur í tvö á misseri og 10% vilja einungis eitt skyndipróf eða að skilað var auðu.

Þegar á heildina er litið er niðurstaðan sú að flestum nemendanna finnst heimanámið hæfilegt í greininni en þar kemur þó fram hjá hluta nemenda að þau hafi ekki tíma til að sinna heimanáminu sem skyldi sem er í samræmi við þá niðurstöðu að 65% nemenda stunda vikulega heimavinnu í 2 klst. eða minna. Freistandi er að skoða hverju það sætir, hvort það er vegna álags í öðrum greinum, vegna aukavinnu með skóla eða annars. Verður því á næsta misseri gerð eigindleg rannsókn á heimavinnu nemenda og tímaskorti í því sambandi.

Lítill meirihluti nemendanna vill að fækkað verði skyndiprófum úr þremur í tvö á misseri og segir t.d. einn nemandi til útskýringar: „Það er þannig í flestum öðrum fögum nema stærðfræði.“ Í framhaldinu tóku kennarar dönskudeildar ákvörðun um að hafa skyndiprófin tvö á misseri frá hausti 2011.

Í þýsku var könnunin sömuleiðis lögð fyrir einn átján manna bekk í mars 2011. Um var að ræða 4. bekk þýsku á málabraut. Könnunin tók u.þ.b. 40 mínútur og lögð var áhersla á að nemendur svörðu könnuninni, sem var nafnlaus, heiðarlega og eftir bestu getu. Bekkurinn var valinn út frá stærð og miðað við stig nemenda í erlenda tungumálinu.

Tilgangurinn er (a) að fá upplýsingar um hvort heimavinna sé hæfileg miðað við getu nemenda og að teknu tilliti til annarra námsgreina, (b) að kanna að hvaða marki nemendur vinni heimavinnuna sína, (c) að rannsaka hvort nemendur lesi kjörbækur samkvæmt leslista og (d) að kanna hversu mörg skyndipróf nemendur telja hæfileg á misseri.

Niðurstaðan er sú að rétt tæp 90% nemendanna finnst námsefnið í þýsku hæfilega létt og í góðum tengslum við námsefnið. 72% svörðu því að heimavinnan væri hæfileg að magni, 17% töldu heimavinnu vera of mikla og 11% sögðu heimavinnu vera of litla. Þá kom fram að um 44% sögðust vinna vikulega heimavinnu í 2-5 klst. á viku og 56% vinna vikulega heimavinnu í 2 klst. eða minna.

Spurt er hvort nemendur telji skyndipróf hæfilega mörg í faginu, þ.e. þrjú á misseri. 39% eru sáttir við núverandi fyrirkomulag, 44% vill fækka skyndiprófum úr þremur í tvö á misseri og 17% nemenda vill hafa fleiri en þrjú skyndipróf á misseri. Að lokum svara 72% nemenda að þau lesi kjörbækurnar sem fyrir eru lagðar en bæta mörg við að þau lesi að auki útdrátt af netinu til þess að auka skilning sinn á efninu og fá betri einkunn í faginu. 22% nemenda sögðust lesa útdrátt á netinu fyrir skyndipróf í skáldsögu og 6% sögðust einungis lesa hluta bókarinnar.

### **2.3 Annað**

Unnið hefur verið að gerð nýrrar heimasíðu fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Hún er nú tilbúin og verður væntanlega tekin í notkun í október 2011. Þar er sjálfsmati skólans gert hátt undir höfði og aðgengi allra að sjálfsmatsskýrslum og sjálfsmatsáætlunum hefur verið eflt enn frekar.

### **3. Lokaorð**

Á skólaárinu 2010-2011 hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á skólastarfinu í Menntaskólanum í Reykjavík. Þeim hefur verið gerð skil í þessari skýrslu. Matið hefur verið formlegt. Byrjað var á að setja niður rýnihópa haustið 2010 og tekin ákvörðun um viðfangsefni sjálfsmats fyrir skólaárið. Síðan voru matsspurningar settar fram fyrir kennslukönnun og viðhorfskönnun forráðamanna og enn fremur gerð starfendakönnun fyrir dönsku og þriðja mál. Kannanirnar voru umbótamiðaðar og verður því fylgt eftir að árangurinn skili sér í enn betra skólasamfélagi.